



# Jafnréttis- og mannréttindastefna Grunnskóla Seltjarnarness

## Formáli

---

Jafnréttis- og mannréttindastefna Grunnskóla Seltjarnarness er byggð á jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar, sem byggir á 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Einnig er tekið mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem að hluta til er byggð á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en hún miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, skoðana, kynferðis, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Skólastarf í anda jafnréttis og mannúðar miðar að því að breyta viðhorfi til hefðbundinna kynjaímynda og vinnur gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Í Grunnskóla Seltjarnarness er starfað eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Hún ýtir undir jákvæð samskipti, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat. Einkunnarorð skólans eru *Virðing – Ábyrgð – Velliðan*.

## Jafnréttis- og mannréttindastefnan

---

Jafnréttis- og mannréttindastefna Grunnskóla Seltjarnarness tekur annars vegar til nemenda og hins vegar til starfsfólks. Stefnt er að því að nemendur og starfsfólk nái góðum árangri og skólastarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Mikilvægt er að starfið mótist af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni þar sem hver og einn nýtur sín á eigin forsendum.

### Nemendur:

- Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis og mannúðar þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, vináttu og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- Kennsluaðferðir og námsgögn skulu ekki mismuna nemendum.
- Umræða og vinna um jafnréttis- og mannréttindamál skal vera samofin allri kennslu og skólastarfi en markvisst skal unnið með viðfangsefnið í lífsleikni.
- Leitast skal við að raða í námshópa þannig að hlutfall drengja og stúlkna sé sem jafnast. Stundum getur verið skynsamlegt að kynjaskipta námshópum og skal það vera vel ígrundað og til bóta fyrir bæði kynin.



- Árlega skal gera kyngreinanlegar kannanir á líðan nemenda, samskiptum þeirra og viðhorfum til skólans.
- Í náms- og starfsfræðslu og annarri ráðgjöf í skólanum skulu jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi. Kynna skal bæði drengjum og stúlkum störf sem oft er litið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf.
- Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku, t.d. í nefndum og ráðum. Einnig skal jafna hlut nemenda við hvert tækifæri þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans.
- Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni er aldrei liðin í skólanum.

### Framkvæmdaáætlun 2019 – 2021

Markmið	Framkvæmd	Ábyrgð	Tímarammi
Allt nám skal búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu - einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi.	Í skólanum er unnið samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár þar sem jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar.	Skólastjórnendur	Í ágúst hvert ár.
Allir nemendur skulu hafa sömu tækifæri til náms og möguleika á því að taka þátt í öllu skólastarfi.	Kennsluaðferðir og námsgögn skulu ekki mismuna nemendum á neinn hátt.	Kennarar.	Við gerð kennsluáætlana.
Allir nemendur skulu fá kynningu á fjölbreytilegum störfum í lýðræðissamfélagi. Hvetja skal nemendur til að ráðast gegn hefðbundnum staðalímyndum.	Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu. Bæði drengjum og stúlkum skulu kynnt störf sem oft er litið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf.  Í lífsleikni er markvisst unnið gegn staðalímyndum.	Náms- og starfsráðgjafar og kennarar.  Kennarar.	Yfir allt skólaárið.  Yfir allt skólaárið.
Unnið skal að því að nemendur virði jafnréttissjónarmið í öllum samskiptum.	Jafnréttis- og mannréttindamál eiga að vera samofin allri kennslu og skólastarfi. Markvisst skal unnið með viðfangsefnið í lífsleikni.	Kennarar.	Í kennslu yfir allt skólaárið.
Jafnræði skal vera á milli	Sérstaklega skal gæta	Skólastjórnendur og	Alltaf þegar



kynja í öllu skólastarfi.	Þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku, t.d. í nefndum og ráðum og þegar nemendur koma fram fyrir hönd skólans.	kennarar.	tækifæri gefst.
Stuðlað skal að bættu námi og bættri líðan nemenda í skólanum.	Lagðar fyrir kyngreinanlegar kannanir á líðan nemenda, samskiptum og viðhorfum til skólans.	Skólastjórnendur.	Árlega.
Unnið skal gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni enda er slíkt ekki liðið í skólanum.	Nemendur fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni og leiðbeiningar um hvert þeir geti leitað ef slík mál koma upp.  Fræðsla um kynþroska og siðferði í samskiptum kynjanna, skv. Aðalnámskrá.	Skólahjúkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafar, kennarar.  Skólahjúkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafar, kennarar.	Í lífsleiknikennslu reglulega yfir skólaárið.  Í lífsleiknikennslu reglulega yfir skólaárið.

#### Starfsfólk:

- Óheimilt er að mismuna fólki vegna kyns, uppruna, trúarbragða, aldurs eða annarrar stöðu, sbr. formála. Stjórnendur skulu gæta jafnréttis við manna ráðningar, uppsagnir, og tilfærslur starfa og viðfangsefna sem starfsfólki er ætlað að sinna.
- Allt starfsfólk ber ábyrgð á að skapa fordómalaust andrúmsloft.
- Launajafnrétti er í skólanum.
- Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfall. Skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er að öllu jöfnu ganga fyrir ef um tvo jafnhæfa einstaklinga er að ræða.
- Allt starfsfólk skólans á að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum.
- Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldunni.
- Árlega skal gera kyngreinanlegar kannanir á líðan og samskiptum starfsfólks.
- Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni er aldrei liðin í skólanum



## Framkvæmdaráætlun 2019 – 2021

Markmið	Framkvæmd	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar sem starfa við skólann skulu fá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Úttekt á launagreiðslum og fríðindum til starfsmanna til að greina hvort um kynbundinn launamun sé að ræða.  Ef óútskýranlegur kynbundinn launamunur kemur fram skal leiðrétta hann.	Skólastjóri og launafulltrúi bæjarins.  Skólastjóri.	Reglulega yfir skólaárið.  Þegar við á.
Laus störf við skólann standi opin bæði konum og körlum.  Leitast verði við að jafna kynjahlutfall í starfsmannahópnum.	Bæði kynin eru hvött til að sækja um störf við skólann. Ef um jafnhæfa umsækjendur er að ræða skal að jafnaði ráða það kyn sem á hallar í starfsmannahópnum.	Skólastjóri og fræðslustjóri.	Alltaf þegar starf er auglýst til umsóknar.
Tryggt skal að konum og körlum, sem sinna sambærilegum störfum, séu tryggðir sömu möguleikar til starfsþróunar og starfsþjálfunar til að viðhalda og auka hæfni sína í starfi.	Gerð er þarfagreining vegna starfsþróunar og áætlun gerð með hana að leiðarljósi.  Allir starfsmenn eru hvattir til að sækja sér menntun og þjálfun sem nýtist þeim í starfi og þeir upplýstir um þau tilboð sem skólanum berast.	Skólastjórnendur.  Skólastjórnendur.	Ekki síðar en í mars.  Reglulega yfir skólaárið.
Starfsmenn hafi möguleika á að samræma starf sitt og fjölskyldulíf og gott jafnvægi sé þar á milli. Reynt sé að koma til móts við starfsmenn með því að líta til sveigjanleika þegar vinna er skipulögð.	Vinnurammi er settur niður með starfsmönnum þar sem horft er til sveigjanleika eins og kostur er.  Beiðnir um sveigjanleika eru skoðaðar og metnar hver um sig.	Skólastjórnendur.  Skólastjórnendur.	Í upphafi skólaárs.  Þegar við á.
Kynbundið ofbeldi, kynbundin og/eða kynferðisleg áreitni og önnur áreitni eða einelti er ekki liðið í skólanum.	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk.  Gerð verði viðbragðsáætlun um hvernig bregðast skuli við komi upp slík mál og hún kynnt starfsfólki. Upplýsa	Skólastjórnendur.  Skólastjórnendur.	Reglulega yfir skólaárið.  Lokið í sept. 2019.



	<p>starfsfólk um hvert skuli leita verði þeir fyrir eða verði vitni að kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.</p> <p>Sérstaklega skal hugað að áreitni og einelti í starfsmannasamtölum og starfsmannakönnunum.</p>	Skólastjórnendur.	A.m.k. einu sinni yfir skólaárið.
--	---	-------------------	-----------------------------------

## Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun

Jafnréttis- og mannréttindastefna skólans skal kynnt öllum þeim sem að skólstarfinu koma, s.s. foreldrum, starfsfólki og nemendum og hún birt á vefsíðu skólans.

Mikilvægt er að fram fari faglegt og reglubundið mat á áhrifum jafnréttis – og mannréttindastefnu skólans. Niðurstöður matsins skulu kynntar reglulega fyrir nemendum, starfsfólki og forráðamönnum. Niðurstöðurnar má einnig nálgast á vefsíðu skólans.

Til að stefnan skili árangri er nauðsynlegt að hafa skýra mælikvarða í tengslum við þau markmið sem koma fram í henni. Þau matstæki sem lögð eru til grundvallar eru starfsmannasamtöl, viðhorfakannanir meðal nemenda, starfsfólks og forráðamanna.

Stefnuna og aðgerðaáætlun skal endurskoða í heild sinni á þriggja ára fresti (næst haustið 2021).